

Reglur um aðgang og meðferð gagna úr skýrsluhaldskerfum Bændasamtaka Íslands, Fjárvís, Heiðrúnu, Huppu, Jörð og Worldfeng. Skýrsluhaldskerfin eru í umsjón og á ábyrgð Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem setur reglur sem samræmast persónuverndarlögum og tryggja rekjanleika hvað varðar skráningu gagna og afhendingu á gögnum úr gagnagrunnum skýrsluhaldsins.

Eftirfarandi reglur eru samþykktar af stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og skulu gilda um aðgang að skýrsluhaldskerfunum Fjárvís, Huppu, Heiðrúnu, Jörð og WorldFeng. Aðgang geta fengið:

1. Búfjáreigendur: Les- og skrifabandgang að öllum gögnum eigin búsi og/eða hjarðar samkvæmt þeim viðmiðum sem gilda um afurðaskýrsluhald viðkomandi búgreinar og þeim aðgangi sem greitt er fyrir hverju sinni.
2. Aðrir: Eingöngu þeir sem þurfa starfs síns vegna geta fengið aðgang að skýrsluhaldskerfum Bændasamtaka Íslands:
 - a. Starfsfólk Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sem hefur með höndum skráningu skýrsluhaldsgagna, uppgjör gagna, úrvinnslu upplýsinga og þróun skýrsluhaldskerfanna. Aðgangur skal vera í samræmi við verkefni meðan viðkomandi starfsmaður er í starfi. Þegar starfsmaður hættir er lokað fyrir aðgang. Skilgreindir ferlar séu innan fyrirtækisins sem tryggja tilkynningu um lokun og að meðferð upplýsinga standist ávallt lög og reglur um persónuvernd og þagnarskyldu. RML setur reglur fyrir starfsfólk um meðferð gagna og upplýsinga sem í kerfunum eru.
 - b. Starfsfólk Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambanda getur fengið les- og/eða skrifabandgang að þeim hlutum kerfis sem nauðsynlegir eru starfs þeirra vegna. Skilgreina skal hvað þessi aðgangur þarf að innifela samkvæmt þeirra hlutverki. Eftir þörfum eða að lágmarki árlega skal yfirfara þessa skilgreiningu. Þegar starfsmaður hættir eða missir réttindi sem nauðsynleg eru til starfsins er lokað fyrir aðgang. Skilgreindir ferlar séu innan viðkomandi rekstrareininga sem tryggja tilkynningu um lokun á aðgangi og að meðferð upplýsinga standist ávallt lög og reglur um persónuvernd og þagnarskyldu.
 - c. Starfsfólk Matvælastofnunar getur fengið lesaðgang að þeim hlutum kerfis sem nauðsynlegir eru starfs þeirra vegna. Skilgreina skal hvað þessi aðgangur þarf að innifela samkvæmt þeirra hlutverki. Eftir þörfum eða að lágmarki árlega skal yfirfara þessa skilgreiningu. Þegar starfsmaður hættir eða missir réttindi sem nauðsynleg eru til starfsins er lokað fyrir aðgang. Skilgreindir ferlar séu innan viðkomandi rekstrareiningar sem tryggja tilkynningu um lokun aðgangs og að meðferð upplýsinga standist ávallt lög og reglur um persónuvernd og þagnarskyldu.
 - d. Starfsfólk þess ráðuneytis sem hverju sinni hefur framkvæmd búvorusamninga á sínu framfæri getur fengið lesaðgang að þeim hlutum kerfisins sem nauðsynlegir eru starfs þeirra vegna. Skilgreina skal hvað þessi aðgangur þarf að innifela samkvæmt þeirra hlutverki. Eftir þörfum eða að lágmarki árlega skal yfirfara þessa skilgreiningu. Þegar starfsmaður hættir eða missir réttindi sem nauðsynleg eru til starfsins er lokað fyrir aðgang. Skilgreindir ferlar séu innan viðkomandi rekstrareiningar sem tryggja tilkynningu um lokun aðgangs og að meðferð upplýsinga standist ávallt lög og reglur um persónuvernd og þagnarskyldu.
 - e. Aðrir skulu ekki hafa aðgang að skýrsluhaldskerfum Bændasamtaka Íslands. Ef upp koma tilfelli þar sem fyrirtæki eða stofnun sem ekki fellur undir ofangreinda aðila sinni verkefni sem kallað á uppflettiaðgang að gögnum beint úr skýrsluhaldskerfunum er hægt að veita tímabundinn aðgang á forsendum viðkomandi verkefnis. Slík erindi skulu afgreidd samkvæmt reglum og gildandi persónuverndarlögum. Stjórnendur/verkefnastjóri

WV
RPF
VOHS

- einstakra skýrsluhaldskerfa svara að öllu jöfnu beiðnum. Sé um álitamál að ræða úrskurðar viðkomandi stjórnandi kerfis og/eða framkvæmdastjóri RML í málínu. Slíkir aðgangar skulu ávallt vera tímabundnir og aðgengi að kerfunum afmarkist eingögnu að þeim gögnum sem nauðsynleg eru og um þá gilda sérstakir samningar hverju sinni.
- f. Ekki er gefinn út aðgangur á kennitölu einstakra fyrirtækja eða stofnana þó aðgangurinn sé skilgreindur í samræmi við verkefni tilgreindra fyrirtækja eða stofnana. Allir aðgangar skulu gefnir út á einstaka starfsmenn viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar sem ber ábyrgð á að notkun stafsmannsins á þeim réttindum sem sá aðgangur veitir standist ávallt lög og reglur um meðferð upplýsinga, persónuvernd og þagnarskyldu.

3. Eftirfarandi reglur gilda um afhendingu gagna til þriðja aðila úr gagnagrunnum skýrsluhaldsins:

- a. Opinberir aðilar: Opinberir aðilar sem óska eftir gögnum t.d. vegna hagtölusöfnunar eða annars sambærilegs skulu senda skriflega beiðni um gögn til RML þar sem fram kemur lýsing á verkefni og þeim gögnum sem beðið er um.
- b. Gögn vegna rannsókna (nemendaverkefna eða stærri rannsóknarverkefna): Ábyrgðaraðilar rannsóknaverkefna geta óskað eftir gögnum til slíkra verkefna úr skýrsluhaldsgrunnum, enda sé sú þekking sem skapast við slík verkefni aðgengileg og nýtist til hagsbóta fyrir íslenskan landbúnað án endurgjalds. Skrifleg beiðni skal send inn til RML þar sem fram kemur lýsing á verkefni og þeim gögnum sem beðið er um. Ábyrgðaraðili rannsóknar/verkefnis skuldbindur sig skriflega til að nota gögnin eingöngu í áðurnefndum tilgangi og er ekki heimilt að afhenda þau þriðja aðila. Heimilt er að veita til nemenda- eða stærri rannsóknaverkefna, gögn sem rekjanleg eru niður á bú eða einstaklinga með því skilyrði að umráðaaðili viðkomandi búi hafi veitt samþykki fyrir slíku.
- c. Aðrir: Gögn úr skýrsluhaldskerfum skulu alla jafna ekki afhent þriðja aðila í öðrum tilgangi en getið er um í lið a og b. RML getur þó ákveðið að veita öðrum en getið er í lið a og b gögn úr skýrsluhaldinu ef aðstæður kalla eftir því. Skrifleg beiðni skal send inn til RML þar sem fram kemur lýsing á tilgangi og þeim gögnum sem beðið er um og hvernig nýta eigi þá afurð sem verður til við úrvinnslu gagna. Um það skal gera sérstakan samning þar sem ástæða gagnaveitingar kemur fram, hver réttur til nýtingar afurðarinnar verður og hvort greiða eigi sérstaklega fyrir aðgang að gögnunum. Gögn sem afhent eru með þessum hætti skal útbúa þannig að ekki sé hægt að bera kennsl á upplýsingar um einstök bú eða einstaklinga.
- d. Fyrir alla vinnu vegna samantektar gagna eða úrvinnslu til þriðja aðila er innheimt samkvæmt verðskrá RML nema um annað sé samið sérstaklega. Stjórnendur/verkefnastjóri einstakra skýrsluhaldskerfa svara að öllu jöfnu beiðnum. Sé um álitamál að ræða úrskurðar viðkomandi stjórnandi kerfis og/eða framkvæmdastjóri RML í málínu. Allir þeir sem fá gögn úr skýrsluhaldsgrunnunum skulu geta þess í heimildaskrá eða á annan viðurkenndan hátt við birtingu niðurstaðna.
- e. Innan RML séu ávallt til skýrir verkferlar varðandi móttöku og afgreiðslu óska um gagnaafhendingu úr skýrsluhaldsgrunnum.

Samþykkt af stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

11 mars. 2024

Vigdís Hálíker
Rannsóknarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins